



## F U N D A R G E R ð

### **Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 14. mars 2023 kl. 16:15 á á skrifstofu SSV og í gegnum fjarfundabúnað**

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Karitas Jónsdóttir, Sævar Jónsson, Finnbogi Leifsson, Brynja Þorsteinsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Unnur Þóra Sigurðardóttir, sem var sú eina sem sat fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Gestir fundarins voru: Gunnar Svavarsson, verkfræðingur hjá Eflu undir lið nr. 3 og Stefán Gíslason undir lið nr. 9. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

#### **1. Fundur settur**

Formaður, Kristinn Jónasson setti fund.

#### **2. Fundargerð síðasta fundar 28.11.2022**

Lögð fram og samþykkt.

#### **3. Fíflholt stækkun. Gunnar Svavarsson EFLU kemur inn á fundinn.**

Gunnar fór yfir hönnun urðunarreinar, útboðsmál, leyfi og annað í verkferlinu.

Erindi til Skipulagsstofnunar lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að verkefnum.

#### **4. Ársreikningur og drög grænt bókhald**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi og grænu bókhaldi vegna ársins 2022.

Alls voru 16.767 tonn af úrgangi í Fíflholtum á árinu 2022. Timburflis, sem notuð er til yfirlags í urðunarreinum 2.515 tonn. Stjórn leggur til við aðalfund að greiddur sé 15% arður til eigenda. Ársreikningur og grænt bókhald samþykkt samhljóða.

#### **5. Aðalfundardagur 22. mars nk.**

Samþykkt að halda aðalfundinn á Hótel Hamri og hefist hann kl. 13.

#### **6. Tækjakaup**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vélarbilun í sexhjól. Samþykkt að skipta því út að viðgerð lokinni og kaupa nýtt hjól.

Samþykkt

#### **7. Samráðsvettvangur SV-hornsins –**

a. Fundur með ráðherra. Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir fundinum. Aðalmál fundarins var brennslumál.

b. Fundargerðir samráðsvettvangs 14.12.22 og 10.01.23. Lagðar fram.

## 8. Fundargerðir

Verkefnisstjórn Sambandsins í úrgangsmálum 28.11.-19.12.2022 9.01., 31.01, 8.02, og 6. mars 2023. Lagðar fram. Senda fundargerðir á stjórn

## 9. Dýrahæ

Stefán Gíslason, UMÍS kom inn á fundinn.

Stefáni þakkað fyrir góða kynningu og góða samantekt um málið.

Líflegar umræður urðu um farveg fyrir dýrahæ og samþykkti stjórn meðfylgjandi ályktun.

*Stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf. beinir því til sveitarstjórna á Vesturlandi að þær fari þess á leit við Samband íslenskra sveitarfélaga að það hafi frumkvæði að fundi fulltrúa sveitarfélaga, ríkisins, bænda, sláturleyfishafa og annarra úrvinnsluaðila til undirbúnings sameiginlegra framtíðarlausna í meðhöndlun dýraleifa, t.d. með hliðsjón af þeim tillögum sem fram koma í minnisblaði Environice.*

## 10. Önnur mál

### a. FENÚR fundur 30.03.23

Lögð fram dagskrá fundarins

### b. Endurheimt vatnasvæði

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir fundi með fulltrúum Hafró og Landgræðslunnar sem vinna að því að endurheimta vatnasvæði allt upp til Bretavatns.

### c. Vegagerð

Framkvæmdastjóri sagði frá samskiptum sínum við Vegagerðina varðandi hönnun vegarkaflans heim að Fíflholtum.

### d. Heimsókn fulltrúar Borgarbyggðar í Fíflholt.

Þann 16. mars n.k. hafa fulltrúar frá Borgarbyggð boðað komu sína í Fíflholt.

### e. Minnisblað frá Sambandi ísl. Sveitarfélaga

BPHE – lífúrgangur frá heimilum. Lagt fram.

Fráfarandi stjórnarmenn þökkuðu ánægjulegt samstarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir